

Alþjóðleg ráðstefna um rannsóknir á málrækt og málpólitík

Málráðið í Svíþjóð ætlar að efna til alþjóðlegrar ráðstefnu um rannsóknir á sviði málræktar og málpólitíkur í Saltsjöbaden 9.–10. júní 2008. Fjórir alþjóðlega viðurkenndir fræðimenn halda lykilerindi: Ulrich Ammon, Susan Gal, David Graddol og Sally Johnson. Gert er ráð fyrir 10–12 öðrum fyrirlestrum. Viðfangsefnum verður skipt í fernt: „Flerspråkighet och språkval i organisationer och samhällen“; „Engelska som andraspråk i Europa“; „Minoriteter och minoritetsspråkspolitik“ og „Standardisering, normstrider och attityder“.

Tilgangur ráðstefnunnar er að vekja athygli á, örva og efna til sænskra og annarra norrænna rannsókna á málpólitík og málrækt. Áhersla verður því fyrst og fremst lögð á sjálfar rannsóknirnar á þessum viðfangsefnum og þau fræðilegu og aðferðafræðilegu vandamál sem rannsóknunum tengjast (en ekki á stefnumörkun eða framkvæmd málpólitíkur og málræktar í sjálfu sér).

Frestur til að tilkynna þátttöku er liðinn þegar þetta hefti kemur út. Fyrirspurnir má senda til Olle.Josephson@sprakradet.se.

Ari Páll Kristinsson